

Alþingi
Erindi nr. P 143/72
komudagur 28.10.2013

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28. október 2013

Efni

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mismunun á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot). 109. mál, lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.

Umsögn

Ráð Femínistafélags Íslands hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem mismunun á grundvelli kynvitundar er gerð ólögleg og transfólki þar með veitt refsivernd gegn hatursáróðri.

Femínistafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi innanríkisráðherra og styður það heils hugar. Félagið gerir ekki aðrar athugasemdir við innihald frumvarpsins en að leggja til viðbót. Félagið leggur til að bætt verði við í frumvarpið að ólöglegt verði að ráðast með hatursáróðri að einstaklingum á grundvelli kynferðis þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að 233. gr. laganna orðist svo:

Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Hér leggur Femínistafélagið til að bætt verði inn orðinu „kynferði“ í upptalningu.

Á undanförunum misserum hafa komið fram allmörg tilvik þar sem færa má rök fyrir því að viðhafður sé hatursáróður gegn konum. Áróðurinn felst m.a. í því að konur eru smættaðar niður í kynfæri og viðföng í kynferðislegum tilgangi, viðhöfð er ógnandi, smánandi og lítislvirðandi orðræða gagnvart þeim og lítið gert úr verðleikum þeirra. Slíkur hatursáróður finnur sér gjarnan farveg á netinu og skemmst er þess að minnast að stjórnendur samskiptavefsins Facebook voru gagnrýndir harkalega fyrir að leyfa hatursáróðri gegn konum á samskiptavefnum að viðgangast.¹

Að mati Femínistafélags Íslands er ljóst að þörf er á að sporna gegn hatursáróðri vegna kynferðis. Við það tækifæri að sú ágæta breyting er gerð á hegningarlögum að hatursáróður gegn transfólki er gerður refsiverður, er upplagt að senda ennpá skýrari skilaboð um að hatursáróður sé ólíðandi, með þeirri aðgerð er félagið hefur hér lagt til.

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands,
Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona

¹ Sjá fréttáflutning af umræðu um hatursorðræðu gegn konum: DV 12. desember 2012: <http://www.dv.is/frettir/2012/12/12/hatursarodur-rekinn-gegn-konum-islenskri-facebook-sidu/>; RÚV, 29. maí 2013: <http://www.ruv.is/frett/facebok-i-samstarf-vid-feminista>; Mbl.is, 26. september 2013: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/09/26/hreinn_hatursarodur_egils/